

141. fundargerð

skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms

25. maí 2011

141. fundur skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms var haldinn 25. maí 2011 kl. 17 á skrifstofu skólastjóra.

Dagskrá

1. Skýrsla skólastjóra
2. Umræður um gjaldskrá tónlistarskólans
3. Önnur mál

Mætt voru: Jóhanna Guðmundsdóttir, Sigurborg Sturludóttir, Jósep Ó. Blöndal og Unnur Sigmarsdóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Tónlistarskóla Stykkishólms var slitið föstudaginn 13. maí. Haldnir voru 5 vortónleikar auk skólaslita. Þrír nemendur tóku 1. stig á hljóðfæri sín, einn nemandi 2. stig, þrír nemendur luku grunnprófi, fjórir nemendur tóku 4. stig og miðpróf tók einn nemandi. Stigspróf í tónfræði tók 21 nemandi, þar af 6 sem tóku 1. stig, 8 tóku 2. stig, og 3. stig tóku 7 nemendur og þar með fullkomnuðu 5 nemendur grunnpróf í hljóðfæraleik sem þeir tóku í fyrra. Fjórir framhaldsnemendur á píanó héldu glæsilega tónleika í Stykkishólmskirkju í lok apríl og voru þeir endurteknir í Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Þessir nemendur eru allir nemendur Hólmgeirs Þórsteinssonar og László Petö. Píanótónleikarnir voru tileinkaðir orgelsjóði og voru frjáls framlög á þeim. Reiknað er með að kennsla í tónlistarskólanum næsta haust byrji fljótlega eftir að grunnskólinn hefst og gert er ráð fyrir að kennt verði í 35 vikur. Martin Markvoll tekur við starfi sínu í haust í stað Hjálmars sem var í afleysingu. Við þökkum Hjálmari kærlega fyrir gott samstarf.
2. Við ræddum um óhjákvæmilega hækkun á skólagjöldum fyrir næsta skólaár. Við bárum saman skólagjöld við aðra skóla vítt um landið og lögðum til að hækka frekar skólagjöld fullorðinna um 30% og barna og unglunga um 10%. Skólagjöldin við Tónlistarskóla Stykkishólms eru þrátt fyrir það með því ódýrara miðað við þá skóla sem borið var saman við. Samþykkt var að leggja til þessa hækkun. Öll yfirvinna verður skorin niður og vonast er til að ekki þurfi að koma til frekari niðurskurðar. Með nýju samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga standa vonir til að nokkrar tekjur fáiast vegna kennslu á mið- og framhaldsstigi.

3. Jóhanna vonast til að fá málaða ljótustu veggina í Tónlistarskólanum. Fyrirspurn kom frá Jósep um hljóðfæra kaup. Í hljóðfæra kaupsjóði eru tæp 160.000 kr.

Fundi slitið kl. 18:20

Jóhanna Guðmundsdóttir (sign)

Jósep Ó. Blöndal (sign)

Sigurborg Sturludóttir (sign)

Unnur Sigmarsdóttir (sign)